



Hvað eru meningókokkar?

Meningókokkar kallast þær bakteríur sem á fræðimáli nefnast *Neisseria meningitidis*. Þær geta valdið mjög alvarlegum sjúkdómum eins og heilahimnubólgu og blóðsýkingu. Fimm afbrigði bakteríunnar, svonefndar hjúggerðir, valda oftast sýkingu og nefnast þær A, B, C, Y og W135 en á Íslandi eru gerðir B og C algengastar. Á undanförunum árum hefur gerð C verið algengust á Íslandi.

Er sýking af völdum meningókokka algeng á Íslandi?

Nei, þær eru ekki algengar en geta gengið í faröldrum með alvarlegum afleiðingum. Á Íslandi hafa undanfarið greinst um 20 einstaklingar á hverju ári með sýkingar af völdum meningókokka og er tíðnin því um 6 tilfelli á ári á hverja 100.000 íbúa. Tíðnin á Íslandi er með því hæsta sem þekkt er og er hún svipuð og í Bretlandi og á Írlandi. Ástæður breytilegrar tíðni í mismunandi löndum eru ekki þekktar. Frá 1940 hafa komið þrjár stórir faraldrar á Íslandi á 15–20 ára fresti. Síðasti faraldur geisaði hér 1975–1977 og greindust þá um 170 tilfelli, flest af gerð B.

Hverjir sýkjast af meningókokkum?

Meningókokkar C valda aðallega sýkingu hjá börnum yngri en 6 ára og unglingum 10–18 ára en gerð B veldur oftast sýkingu hjá ungbörnum. Hins vegar er sjaldgæft að kornabörn yngri en 6 mánaða sýkjast.

Hver eru einkenni sýkingar af völdum meningókokka?

Fyrstu einkenni sýkingarinnar eru oft væg og líkjast einkennum margra veirusýkinga, þ.e. hiti, beinverkir og slappleiki.

Alvarlegri einkenni geta komið brátt:

- Uppköst.
- Mikill höfuðverkur.
- Stífur háls.
- Minnuð meðvitund.
- Lítil börn verða auk þess oft mjög ergileg, gráta mikið, borða illa, drekka lítið og eiga oft erfitt með að vakna.
- Hiti (sumir sjúklingar eru þó hitalausir).
- Liðverkir.
- Ljósfærni (sjúklingar þola illa birtu).
- Húðblæðingar sem eru rauðir blettir á húð sem hverfa ekki við þrýsting.

Ath. Ofangreind einkenni þurfa ekki öll að koma fram og geta verið breytileg milli einstaklinga.

Hversu alvarleg er sýking af völdum meningókokka?

Sýking af völdum meningókokka er oftast mjög bráð og hættuleg. Um 10% þeirra sem sýkjast deyja og önnur 10% geta fengið alvarleg mein eftir sýkinguna eins og heilaskaða, drep í húð og jafnvel misst fingur eða útlími. Dánartíðni hefur ekki breyst á síðustu 10–20 árum þrátt fyrir miklar framfarir í lækisfræði og því er brýnt að koma í veg fyrir sýkinguna með bólusetningu.

Hvað á ég að gera ef mig grunar að barn mitt sé með meningókokkasýkingu?

Þú skalt hringja strax í þinn lækni eða fara með barnið á næstu heilsugæslustöð eða sjúkrahús.

Hafa verið til bóluefni gegn meningókokkum?

Já, í nokkur ár hafa verið til bóluefni gegn gerðum A, C, Y og W135. Þau hafa hins vegar þann galla að veita börnum yngri en 2 ára ekki fullnægjandi vörn og verndandi verkun þeirra endist einungis í fáein ár. Notkun þeirra hefur því takmarkast við að stemma stigu við faröldrum og að vernda ferðamenn sem ferðast til landa þar sem hætta á sýkingu er mikil. Ekkert bóluefni er hins vegar á markaði gegn gerð B.

Eru komin ný bóluefni gegn meningókokkum?

Á síðustu árum hafa komið á markað ný og endurbætt bóluefni gegn meningókokkum C. Þau vernda einungis gegn gerð C en ekki gegn öðrum gerðum meningókokka.

Hver er reynslan af notkun þessara nýju bóluefna?

Í nóvember 1999 hófu Englendingar bólusetningu með þessum nýju bóluefnum og hafa rúmlega 20 milljónir barna og unglinga verið bólusettir. Í kjölfarið fækkaði sýkingum af völdum meningókokka C um meira en 90% og hefur bólusetningin því bjargað lífi og heilsu hundrða barna. Engar alvarlegar aukaverkanir sáust, aðeins vægur hiti ásamt röða og þrota á stungustað hjá sumum.

Hvernig verður bólusetningu háttáð á Íslandi?


Ákveðið hefur verið að bjóða öllum börnum og unglingum 18 ára og yngri ókeypis bólusetningu frá og með október 2002. Áætlað er að það muni taka nokkra mánuði að bólusetja allan þennan hóp sem telur um 80.000 einstaklinga.

- Börn 6 mánaða til og með 11 mánaða fá bóluefnið tvisvar með 1–2 mánaða millibili.
- Börn 13 mánaða til og með 18 ára munu fá bóluefnið einu sinni.

Einnig er áætlað að rannsaka hvort hægt sé að gefa bóluefnið samtímis hefðbundnum ungbarnabólusetningum við 3 og 5 mánaða aldur og mun sú rannsókn hefjast haustið 2002. Niðurstöður rannsóknarinnar munu væntanlega liggja fyrir sumarið 2003. Í framhaldi af því er ráðgert að hefja almenna ungbarnabólusetningu á þeim aldri. Fram að þeim tíma mun ungbarnabólusetning með hinu nýja bóluefni verða við 6 og 8 mánaða aldur (tvær sprautur).

Hvar verða börnin bólusett?

- Börn yngri en 2 ára verða bólusett á heilsugæslustöðvum landsins og á Miðstöð heilsuverndar barna í Reykjavík.
- Börn 2 ára til og með 5 ára verða bólusett á heilsugæslustöðvum, á Miðstöð heilsuverndar barna og á leikskólum.
- Börn 6 ára til og með 15 ára verða bólusett á heilsugæslustöðvum, í grunnskólum og á Miðstöð heilsuverndar barna.
- Unglingar 16 ára til og með 18 ára verða bólusettir á heilsugæslustöðvum, í framhaldsskólum og á Miðstöð heilsuverndar barna.



Spurningar og svör fyrir foreldra, aðstandendur og unglinga

Hvernig veit ég hvenær og hvar barn mitt verður bólusett?

Auðlúst verður í fjölmiðlum, á heilsugæslustöðvum, á Miðstöð heilsuverndar barna, á leikskólum og í skólum allra bæjarfélaga hvernig bólusetningu verður háttáð. Þar verður hægt að leita nánari upplýsinga. Foreldrar yngstu barnanna eru hvattir til að koma með börnum sínum í bólusetninguna og mæta með bólusetninga-skírteini barnsins.

Hvaða árangri má búast við af bólusetningunni á Íslandi?

Búast má við að með bólusetningunni megi koma í veg fyrir 10–15 sýkingar á hverju ári af völdum meningókokka C og 1–2 dauðsföll. Talið er að bóluefnið veiti lífstíðarvernd en það kemur hins vegar ekki í veg fyrir sýkingu af völdum annarra gerða meningókokka. Því er eftir sem áður mikilvægt að vera á varðbergi gegn sjúkdómnum.

Hvað geri ég ef ég vil ekki að barn mitt verði bólusett?

Ef þú vilt ekki að barn þitt verði bólusett þarft þú að tilkynna það sérstaklega til skóla/leikskóla, heilsugæslustöðvar eða Miðstöðvar heilsuverndar barna meðan bólusetningarátakið stendur yfir.

Má bólusetja öll börn?

- Ef barnið/unglingurinn er með meira en 38°C hita er rétt að bíða með bólusetninguna. Þó barnið sé með vægt kvef og hósta er hins vegar óhætt að bólusetja.
- Ef barnið hefur fengið alvarleg ofnæmisviðbrögð við hefðbundnum bólusetningum getur verið rétt að sleppa bólusetningunni. Nánari upplýsingar eru veittar á heilsugæslustöðvum og Miðstöð heilsuverndar barna í Reykjavík.
- Þungaðar unglingsstúlkur ætti ekki að bólusetja nema ef þær hafa verið í nánu samneyti við einstakling með sýkingu af völdum meningókokka C.

Hvað geri ég ef ég vil fá bólusetningu fyrir einstakling eldri en 18 ára?

Bólusetningin verður einstaklingum 18 ára og yngri að kostnaðarlausu. Þeir sem eru eldri en 18 ára eru hins vegar hvattir til að láta bólusetja sig og geta keypt bóluefnið hjá heimilislækni sínum, heilsugæslulækni eða heilsugæsluhjúkrunarfræðingi, sem munu sjá um bólusetninguna.

Hvar get ég fengið nánari upplýsingar um fyrirhugað bólusetningarátak?

Þú getur fengið nánari upplýsingar á heilsugæslustöðvum, á Miðstöð heilsuverndar barna (sími 585 1350) og hjá Landlæknisembættinu/sóttvarnalækni (sími 510 1900, www.landlaeknir.is).

Að gerð þessa upplýsingabæklings hafa komið:

Ásgeir Haraldsson prófessor
Hállveig Finnbogadóttir hjúkrunarfræmðastjóri
Þórólfur Guðnason yfirlæknir
Geir Gunnlaugsson yfirlæknir
Jón Steinar Jónsson heilsugæslulæknir
Haraldur Briem sóttvarnalæknir
Katrín Davíðsdóttir barnalæknir

Bólusetning gegn meningókokkum C